

# STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1971

---

26. febrúar 1971.

97

Nr. 39.

## AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara Páfaríkis.

Ákveðið hefur verið, að borgarar Páfaríkis, sem ferðast til Íslands, og eru handhafar vegabréfa, sem gefin eru út af Páfaríkinu, skuli undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín.

Auglýsing þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í 15. gr. reglugerðar nr. 148 3. september 1965 um eftirlit með útlendingum, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1971.*

Auður Auðuns.

*Ólafur W. Stefánsson.*

26. febrúar 1971.

Nr. 40.

## AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana fyrir starfsmenn Sameinuðu þjóðanna.

Ákveðið hefur verið, að starfsmenn Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, er ferðast til Íslands og eru handhafar ferðabréfa (laissez-passer) Sameinuðu þjóðanna, skuli undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í ferðabréf sín, þegar þeir eru á ferðalögum í þágu framangreindra stofnana, enda framvísi þeir jafnframt ferðabréfi, yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eða þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá, um það, að þeir séu að reka erindi Sameinuðu þjóðanna eða viðkomandi stofnunar.

Auglýsing þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í 15. gr. reglugerðar nr. 148 3. september 1965 um eftirlit með útlendingum, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1971.*

Auður Auðuns.

*Ólafur W. Stefánsson.*